



Umhverfis- og skipulagssvið  
Reykjavíkurborgar



## Desember í Reykjavík

Aðventan og jólin skarta sínu fegursta í jólaborginni

## Kennaraháskóla- lóðin

Vinna við breytingu á deiliskipulagi KHÍ lóðar er á lokastigi. Tillagan einkennist af fingerðu byggðarmynstri

## Ný Hjólreiðaáætlun fyrir Reykjavík

Markmið er að auðvelda sem flestum að nýta sér hjólreiðar sem alvöru samgönguvalkost

# Leiðari

Jólin ganga brátt í garð og Reykjavíkurborg er fagurlega skreytt á þessum árstíma. Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins hefur með höndum jólaskeytingar. Líkt og síðustu ár hófst vinna við að setja upp jólatré og ljósaskreytingar í nóvember. Að þessu sinni voru 26 jólatré sett upp víðsvegar um borgina og skreytt með jólaseríum. Ekki má gleyma Oslóartrénu sem ávallt er tendrað 1. desember ár hvert.

Miðborgin er skreytt bæði með lýsingum á borgartjárm og seríum í runnunn auk svonefndu stauraskrauti. Segja má að stór hluti af starfsemi hverfastöðva í nóvember og byrjun desember fari í þessar jólaskeytinga. Einnig er almenn vetrarþjónusta ríkur þáttur í starfinu á þessum árstíma eins og gefur að skilja.

Pó svo að uppsetning og niðurtekt jólaskeytinga fari fram á þessum árstíma fer mikill tími í undirbúning og frágang jólaskeytinga fyrr um haustið og fram á vetur.

Undirbúningur og vinna við viðburði hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi hverfastöðva, sérstaklega á vestur-svæði, undanfarin ár. Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins gefur út framkvæmdaheimildir, sem er í raun afnotaleyfi af borgarlandi, á alla þessa viðburði fyrir hönd Reykjavíkurborgar og hefur einnig eftirlit með útgefnum heimildum.

Skrifstofan fer enn fremur með hlutverk veghaldara í Reykjavík og fer því með framkvæmd daglegs veghalds í borginni svo sem að tryggja að vega- og umferðarlögum sé framfylgt þar með talið vinnusvæðamerkingum. Þetta hlutverk skarast mikið við viðburðahaldið

enda þarf að tryggja öryggi vegfarenda á þessum viðburðum.

Götu- og torgsala hefur einnig farið vaxandi í miðborg Reykjavíkur enda vilja borgaryfirvöld gæða borgina lífi. Útgáfa leyfa vegna götu- og torgsölu eru á höndum skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. Götumarkaðir eru skemmtileg viðbót við veitingahús, bari og kaffihús borgarinnar og setja skemmtilegan svip á miðborgina yfir sumartímann. Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Passið ykkur svo að fara ekki í jólaköttinn!

**Hjalti J. Guðmundsson**  
**Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins.**

## Umhverfið

# Berlín í Borgartúni



Broti úr Berlínarmúrnum, sem áður aðskildi íbúa Austur- og Vestur-Pýskalands, hefur verið komið fyrir við áningastaðinn framan við Höfða í Borgartúni. Brotið er myndskreytt af listamanninum Jakob Wagner og er gjöf frá Neu West Berlin listamiðstöðinni. Verkið var afhjúpað við formlega athöfn 3. október síðasliðinn, en umhverfis- og skipulagssvið sá um uppsetningu verksins.

Sá hluti Berlínarmúrsins sem um ræðir er um 4 tonn að þyngd en viðlíka verk hafa verið gefin víða um heim - meðal annars eru veggglutar staðsettir við Wende Museum í Los Angeles, við Aspen Art Museum í Colorado, við Imperial War Museum í London og við Ronald Reagan bókasafnið í Simi Valley í Kaliforníu.



# Desember í Reykjavík

## Undirbúningur jólanna er í fullum gangi í borginni sem skartar sínu fegursta þessa dagana


Það verður nóg um að vera á aðventunni í borginni. 3. desember var kveikt á jólavættunum á húsveggjum víðs vegar um borgina og ratleikur hafinn í tengslum við það. Göngugötur verða á Laugavegi og Skólavörðustíg allar helgar í desember fram að jólum og á Þorláksmessu. Árlegur handverks- og hönnunarmarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur í Heiðmörk verður opinn allar aðventuhelgar frá 11-16 og hægt verður að höggva sitt eigið jólatré á Hólmsheiðinni allar helgar í desember. Skautasvell verður á Ingólfstorgi í desember í boði Nova í samstarfi við Samsung og Reykjavíkurborg. Jólaborp mun rísa í kringum Ingólfssvellið og jólaskreytingar og jólatónlist munu sjá um að skapa rétta jólaandann.

Árbæjarsafn er opið allar helgar í desember fram að jólum þar sem gestir geta rölt á milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Jólakrás verður í Fógetagarðinum helgina 19.–20. desember. Fjölbreyttur hópur veitingastaða úr miðborginni mun bjóða upp á ljúffengar kræsingar. Jólamarkaður með íslenskt hvandverk verður svo haldinn í stóru tjaldi í Fógetagarðinum 21., 22. og 23. desember. Jólatónlist mun óma og boðið upp á ýmis konar viðburði sem koma borgarbúum í rétta jólaskapið.

Tendrun ljósa á Oslóartréinu



Gerð skautasvells



# Kennaraháskóla- lóðin



**Vinna við breytingu á deiliskipulagi KHÍ lóðar er á lokastigi. Tillagan einkennist af fíngerðu byggðarmynstri og fjölbreyttu samfélagi. Lögð var áhersla á vistvænar samgöngur og samnýtingu bílastæða**

Hafin var vinna við breytingu á deiliskipulagi lóðar KHÍ (Menntavísindasvið Háskóla Íslands) á umhverfis- og skipulagssviði í janúar sl. og er sú vinna á lokastigi.

Breyttar forsendur hvað varðar framtíð Kennaraháskólans eftir samruna við Háskóla Íslands hafa orðið til þess að Reykjavíkurborg, með samningi við Ríkissjóð Íslands, hefur leyst til sín hluta lóðarinnar eða um 13.617m<sup>2</sup> og

hafið vinnu við breytta notkun hennar í samræmi við Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Á reitnum er fyrirhuguð íbúðabyggð, annars vegar með 50 íbúðum fyrir eldri borgara og hins vegar með allt að 100 íbúðum fyrir námsmenn.

Premur arkitektastofum var í byrjun ársins boðið að taka þátt í hugmyndaleit um svæðið m.v. forsendur aðalskipulagsins en áður hafði Arkþing unnið frumdrög að tillögu að

uppbyggingu í samstarfi við SEA (Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar). Þær arkitektastofur sem tóku þátt í hugmyndaleitinni voru A2f, Yrki og Ydda. Hugmyndaleitin skilaði spennandi tillögum og eftir ítarlega yfirferð var arkitektastofan A2f valin til að vinna áfram með sína hugmynd og aðlaga hana óskum og þörfum bæði íbúa og hagsmunaaðila.





Í mati á tillögum úr hugmyndaleit er tekið fram að tillaga A2f leggi mikla áherslu á að byggingar myndi umgjörð um fjölbreytt og skjólgóð útisvæði. Helsti styrkleiki tillögunnar felst í þakgerð og fingerðu byggðarmynstri og fjölbreyttu samfélagi þar sem blandað er saman ólíkum hópum með samræmdum húsgerðum. Garðar og útisvæði eru vel skilgreind og afmörkuð. Bílastæðum er dreift nokkuð jafnt um reitinn og eru þau ekki áberandi í yfirbragði byggðarinnar. Ekið er inn á svæðið bæði frá Stakkahlíð og Bólstaðarhlíð en við það mun umferðin skiptast nokkuð jafnt og álagið því minna á hvora götu fyrir sig.

Í deiliskipulagsvinnunni var lögð áhersla á vistvænar samgöngur, samnýtingu bílastæða og sorpflokkun en á reitnum er gert ráð fyrir hjólastæðum/geymslum og aðstöðu til flokkunar á sorpi. Áhersla er á góðar göngu- og hjólatengingar, góð útisvæði og örugga aðkomu fyrir gangandi /hjólandi m.a. að skólalóð Háteigsskóla. Aðgengi að almenningssamgöngum er gott.

Þeir sem koma til með að byggja á svæðinu eru Byggingarfélag námsmanna, Samtök aldraðra og ríkið (fulltrúar Menntavísindasviðs HÍ og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins). Samstarf hefur verið haft við þessa aðila og góð sátt náðst með reglulegum fundum og miðlun upplýsinga. Meðal þess sem náðst hefur sátt um er að þakhalli taki mið af aðliggjandi íbúðarbyggð og bílastæðum stillt í hóf til samræmis við stefnumörkun aðalskipulagsins. Íbúðir verða fjölbreyttar að stærð og gerð, bæði fyrir námsmenn og eldri borgara. Hæð húsa verður á bilinu 2-3 hæðir (+ris) fyrir námsmenn og 3-6 hæðir fyrir eldri borgara með bílakjallara. Auk þess er gert ráð fyrir að hægt verði að byggja við byggingar KHÍ, annars vegar sem 2ja hæða viðbygging og hins vegar sem 3ja hæða stakstæð bygging.

Tveir íbúafundir voru haldnir í maí, annar fyrir eldri borgara við Bólstaðarhlíð 41-45 og hinn hér í Borgartúni 12 fyrir aðra aðliggjandi íbúa. Eldri borgarar virtust

nokkuð sáttir en aðrir íbúar í næsta nágrenni höfðu m.a. áhyggjur af aukinni bílaumferð. Athugasemdir voru skráðar niður og skoðað hvort og á hvern hátt væri hægt að koma til móts við þær. Samgöngusvið var í kjölfarið fengið til að framkvæma umferðartalningu og leggja mat á umferðaraukningu vegna breytingarinnar. Ýmislegt sem fram kom á kynningarfundum og viðverufundum á Kjarvalsstöðum vegna HverfisSKIPULAGS Hlíða í september sl. hefur einnig komið að góðum notum við vinnuna.

Tillagan verður kynnt á íbúafundi þegar uppdráttur, skilmálar og skýringamyndir liggja fyrir í heild sinni sem er áætlað að verði í janúar 2016



# Víðtækt íbúasamráð



Nemendur í 6. bekk  
Ártúnsskóla við líkanið sem  
þau gerðu af hverfinu

## Mikilvægur hluti af hverfisskipulaginu er að færa mótun skipulagsins nær íbúum og hagsmunaaðilum með virku samráði í hverfunum

Einn hluti þessa virka samráðs byggir á erlendra aðferð sem heitir "Planning for Real", sem hefur verið þýtt sem skapandi samráð. Skapandi samráð felst í því að smíða einföld líkön af hverfum borgarinnar, þau eru síðan notuð til að ræða breytingar og nýja framtíðarsýn fyrir hverfin.

Í lok október smíðuðu nemendur í 6. bekk Ártúnsskóla glæsilegt líkan af Ártúnsholti undir leiðsögn kennara og starfsfólks umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur. Líkanið var svo notað á

íbúafundi í Ártúnsskóla, sem var haldinn fimmtudaginn 26. nóvember 2015, þar sem foreldrar og aðrir íbúar í Ártúnsholti gátu lagt litla miða á líkanið og komið á framfæri eigin hugmyndum um framtíðarsýn fyrir hverfið, t.d.;

- Hvaða breytingar þarf að gera?
- Hvaða endurbætur þurfa að eiga sér stað?
- Hvaða þjónustu vantar?
- Hvar eru vannýtt tækifæri?

Á fundinum voru einnig kynntar fyrstu hugmyndir að hverfisskipulagi fyrir

Ártúnsholt. Þar gátu íbúar gefið skoðanir sínar á ýmsum skipulagshugmyndum líkt og:

- Hvernig megi mögulega útfæra nýja byggð fyrir 50 lítil sérbýlishús í suðurhlíðum Ártúnsholts við Rafstöðvarveg.
- Hverjir eru kostir/gallar ef skrifstofubyggð í Hyljum fengi að þróast í blandaða íbúðarbyggð með verslun- og þjónustu á neðri hæðum og íbúðum á efri hæðum.



Áhugasamir íbúar við líkanið af Ártúnsholtinu



Íbúar skoða tillögur að framtíðarsýn fyrir hverfið

## Um hverfisSKIPULAG

Reykjavík er skipt í tíu borgarhluta og er ætlunin að vinna hverfisSKIPULAG fyrir öll hverfi borgarinnar. Innan hvers borgarhluta geta verið 3–4 hverfi sem hvert fær sitt eigið hverfisSKIPULAG, enda um margt ólík og með mismunandi áherslur. HverfisSKIPULAG er unnið á grunni stefnumótunar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. HverfisSKIPULAG er ætlað margþætt hlutverk s.s. að stuðla að vistvænum og sjálfbærum lausnum, bæta nærumhverfið og stuðla að heilsueflandi hverfum. Í vinnu við hverfisSKIPULAGIÐ verða gildandi skipulagsskilmálar sameinadír í eitt heildarskipulag sem á að auðvelda skipulagsvinnu og áætlanagerð til framtíðar. Mikilvægur hluti af þessari vinnu er einnig að hvetja fólk til að hafa aukin áhrif á mótun síns hverfis. Vinnu við hverfisSKIPULAG er skipt í tvo áfanga. Í fyrsta áfanga er unnin verklýsing á helstu forsendum og því sem á að gera í seinni áföngum. Í öðrum áfanga er mótuð tillaga að hverfisSKIPULAGI. Í öllu ferlinu verður haft viðtæk samráð við íbúa og hagsmunaaðila.

Nánari upplýsingar um verkefnið á: [www.hverfisSKIPULAG.is](http://www.hverfisSKIPULAG.is)

- Hvernig megi bæta tengsl hverfisins við Árbæjarsafn.
- Hvernig megi bæta útivistarsvæði í Elliðaárdalnum.
- Hvernig megi bæta samgöngur í hverfinu fyrir gangandi, hjólandi, strætó og akandi.

Næstu skref í verkefninu eru að greina þær hugmyndir sem komu fram á fundinum en stefnt er að því að kynna fyrstu drög að hverfisSKIPULAGI fyrir hverfið í upphafi árs 2016. Næsta skapandi samráð hófst í Breiðholts-

skóla mánudaginn 30. nóvember þar sem verkefnisstjórar í hverfisSKIPULAGINU kynntu verkefnið og nemendur hófu vinnu við gerð líkans af sínu hverfi. Gert er ráð fyrir að halda íbúafund í skólanum eftir áramót.

Í vor er stefnt að því að virkja unglinga betur í samráði vegna hverfisSKIPULAGSINS með myndbandskeppni þar sem þau geta komið með lítið sýnishorn af því hvað einkennir þeirra hverfi og kosti þess og galla.

Önnur ný samráðsleið sem er verið að prófa í hverfisSKIPULAGINU, eru rýnihópar sem að rýna fyrstu tillögur ráðgjafahópa að framtíðarsýn fyrir sitt hverfi undir handleiðslu sérfræðinga Gallup. Rýnihóparnir samanstanda af íbúum sem er valdir með slembiurtaki úr hverju hverfi fyrir sig. Sérfræðingur Gallup gæta þess að allir fundargestir fái að tjá sig og leitar eftir mismunandi viðbrögðum og skoðunum. Það hefur gefið góða raun að leyfa íbúum að koma hugmyndum sínum á framfæri við hlutlausan aðila í húsnæði Gallup.





# Endurunnið malbik

Umhverfis- og  
skipulagssvið  
hefur sjálfbærni  
að leiðarljósi  
að við skipulag,  
framkvæmdir og  
rekstur borgarinnar

Reykjavíkurborg hefur sett sér það markmið að vera í fararbroddi í umhverfismálum. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur sjálfbærni að leiðarljósi við skipulag, framkvæmdir og rekstur borgarinnar. Það er stefna umhverfis- og skipulagssviðs að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er og gera borgina vistvænni og heilnæmari fyrir borgarbúa og komandi kynslóðir. Hluti af þessari viðleitni borgaryfirvalda er að endurvinnna gamalt malbik.

Malbik sem fellur til vegna endurnýjunar gatna og gönguleiða á vegum Reykjavíkurborgar er skilað til malbikunarstöðva sem nýta efnið til íblöndunar við malbiksframleiðslu, en auk þess er hluti af uppfræstu malbiki

nýtt sem slitlag í eldri malarvegi, s.s. Hólmsheiðarveg og Úlfarsfellsveg, þar sem það dregur úr rykmengun.

Á síðasta ári lagði Reykjavíkurborg rúmlega 7 þúsund fermetra af endurunnu malbiki í göngu- og hjólastíga.

## Minni losun koltvísýringv

Malbik er að fullu endurvinnanlegt efni. Það er framleitt með því að hita upp steinefni og blanda þeim saman við heitt bik. Engin aukaefni eða efnasambönd eru í malbiki, en það er endingargott, umhverfisvænt og hagkvæmt yfirborðsefni t.d. til notkunar á umferðargötum, stíga og stæði. Áhrif malbiksframleiðslu á umhverfið er að mestu fólgið í notkun ýmissa steinefna

og biks, en bik er verðmætasta efnið í malbikinu. Endurvinnsla malbiks dregur verulega úr hráefnanotkun og sparar flutningskostnað. Þessi sparnaður, sérstaklega minni þörf fyrir bik, gerir endurvinnslu ódýran kost. Minna þarf að flytja til landsins af dýru hráefni, sem skilar sér í lægri kostnaði og minni losun koltvísýringv út í andrúmsloftið.

Malbik sem unnið er með þessum hætti uppfyllir sömu gæðakröfur og nýtt malbik.





# Umhverfis- og auðlindastefna tryggir lífsgæði borgarbúa

**Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkur hefur verið gefin út á vefnum. Markmið hennar er meðal annars að tryggja lífsgæði borgarbúa**

Umhverfis- og auðlindastefnan, sem er hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010 – 2030, hefur verið gefin út á vefnum ásamt umhverfisvísunum. Í stefnunni er meðal annars skýring og umfjöllun um náttúruauðlindir og þjónustu vistkerfa. Þar kemur markmiðasetning fram og helstu mælikvarðar varðandi sjálfbæra nýtingu.

Í stefnunni kemur m.a. fram að þjónusta náttúrunnar verður styrkt og neikvæð umhverfisáhrif lágmarkuð. Lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa

verða tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi.

Stefnunni verður framfylgt í níu málaflokkum um auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur, rekstur Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og auðlindastefna snýst um að tryggja lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa með tvennum hætti. Annars vegar að meta auðinn sem

felst í náttúrunni og hreinu umhverfi. Hins vegar að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og tryggja að þjónusta náttúrunnar styrkist. Í umhverfisvísunum sem fylgja stefnunni koma m.a. fram upplýsingar um samgöngumáta borgarbúa, mælingar á umhverfisgæðum, heimsóknir borgarbúa á græn svæði og laxagegnd í Elliðaárdal.

Borgarbúar eru hvattir til að kynna sér stefnuna á vef Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).




# Fuglavika í Reykjavík

## Fuglavika í Reykjavík var haldin í fyrsta sinn dagana 17–23. október 2015

Markmið fuglavikunnar var að vekja athygli á hinu fjölskrúðuga fuglalífi borgarinnar, að varpa ljósi á hin mörgu og mikilvægu búsvæði fyrir fugla sem finnast í okkar næsta nágrenni, og að upplýsa og deila með hvort öðru gildi þess að umgangast fugla í okkar daglega umhverfi.

Fuglavikan var samstarf Reykjavík-iðandi af lífi og Fuglaverndar og hófst vikan á málþingi í Norræna Húsinu sem bar yfirskriftina „Fuglar í borg“. Þar voru flutt þrjú erindi, um mikilvægustu fuglabúsvæði í borginni, um sjónarhorn fuglaljósmyndarans og um fugla sem viðfangsefni í leikskólastarfi. Það sem eftir var Fuglavikunnar var boðið upp á fjölbreytilega fuglaskoðunarviðburði



Rauðhöfðaönd


daglega. Viðburðirnir voru víða um borgina m.a. í Skerjafirði, við Elliðavatn og í Elliðaárdal. Þá var sérstakur viðburður í Grasagarði Reykjavíkur helgaður garðfuglum og mættu þangað sex ára börn úr Barnaskóla Hjallastefnunnar og fjögur og fimm ára börn úr leikskólanum Hofi. Börnin fræddust um fugla garðsins og hvernig best sé að fóðra garðfugla.

Í tilefni Fuglavikunnar var gefinn út nýr fræðslubæklingur sem heitir Fuglaskoðun í Reykjavík en þar er gefið yfirlit yfir góða fuglaskoðunarstaði í borginni og þeim gerð skil á sérstöku korti. Bæklingurinn kom út á bæði íslensku og ensku og er aðgengilegur á heimasíðu Reykjavík-iðandi af lífi [www.reykjavik.is/idandi](http://www.reykjavik.is/idandi).

Leikskólabörn skoða fugla í grasagarðinum







# Skammdegislýsing í borginni

**Síðustu ár hefur borgin lagt áherslu á að auka lýsingu á opnum almenningssvæðum innan borgarmarkanna. Litir og mynstur eru notuð á skemmtilegan hátt með það að markmiði að skapa notalega stemmingu í borginni, auka öryggi á svæðunum og möguleika til útivistar**

Í gegnum íbúalýðræðisverkefnið Betri hverfi hafa borgarbúar sent inn tillögur um aukna lýsingu á opnum svæðum, leiksvæðum, í skráðgördum og við gönguleiðir. Borgin hefur reynt að koma til móts við þær óskir og lýst upp fjölmörg svæði. Bæði með praktískri lýsingu sem eykur öryggi svæðanna eftir að skyggja tekur, en einnig með sér hannaðri lýsingu sem gefur svæðunum ákveðin sérkenni og kallar fram ákveðna upplifun og stemmingu. Með því að lýsa upp almenningssvæði í skammdeginu verða svæðin aðgengilegri fyrir borgarbúa og tíminn sem hægt er að nýta þau lengist. Borgin leggur áherslu á að lýsingarbúnaðurinn standist öryggiskröfur, sé vandaður og er hugsaður til framtíðar.

Á síðustu þremur árum hefur fjölbreytt

lýsing verið sett upp í hverfum borgarinnar. Við Suðurgötu eru trjákrónur stórrar selju lýstar upp að vetrarlagi með kösturum, sem skipta um lit þegar tilefni þykir til. Haustið 2014 voru trjákrónurnar t.d. bleikar í tilefni af bleikum október, en lýsing seljunnar nýtist einnig gangandi vegfarendum á Suðurgötunni. Skammdegislýsing tekur þannig mið af árstíðarbundnum viðburðum og eykur vonandi jákvæða upplifun vegfaranda af umhverfi sínu. Í kringum jólahátíðina er rauði liturinn áberandi og hefur t.d. verið sett upp jóla- og skammdegislýsing á horni Flókagötu og Rauðarárstígs, álmur á leiksvæði við Bræðraborgarstíg er upplýstur yfir vetrartímann, sem og trjálundur við Hringbraut og trjáröð við Suðurgötu. Við opnun vetrarhátíðir var blái liturinn áberandi í borginni og

útbúið sérstakt „ljósashow“ í tengslum við setningarathöfn hátíðarinnar. Á Klambratúni er grænu ljósi varpað inn í grenilundi og falleg ljósamynstur skreyta grasflatirnar og lýsa upp stíga á svæðinu.

Í ár völdu íbúar í Vesturbæ hugmyndina „Setja lýsingu á valda leikvelli í hverfinu“ til framkvæmdar í gegnum betri hverfi. Óskað var eftir að sett yrði lýsing á ýmis leiksvæði í Vesturbænum. Í haust munu leiksvæðin við Aflagrandu, Fjörugrandu og Skeljagrandu því fá andlitslýftingu og ljósi varpað á svæðin. Í miðborginni kusu íbúar að grænt svæði við Mjóstræti yrði lýst upp.

Fulltrúar fyrirtækja sem skrifuðu undir yfirlýsinguna ásamt borgarstjóra og framkvæmdastjóra Festu.



# Mikil samstaða fyrirtækja um aðgerðir í loftslagsmálum

## 103 fyrirtæki og stofnanir skuldbundu sig til að draga úr losun gróður-húsalofttegunda og minnka myndun úrgangs

Skrifað var undir yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum í Höfða 16. nóvember. Þátttaka var framfar öllum vonum en alls skuldbundu 103 fyrirtæki og stofnanir sig til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir með aðgerðum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Auk þess verður árangur mældur og upplýsingum um stöðu mála miðlað reglulega. Reykjavíkurborg og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, efndu til þessa samstarfs og markar undirskriftin formlegt upphaf verkefnisins. Það er hugsað sem hvatning til rekstraraðila um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sýna þannig frumkvæði og ábyrgð gagnvart umhverfinu og

samfélaginu. Þátttakendum verður boðin fræðsla um loftslagsmál, bæði hvernig nálgast á viðfangsefnið með praktískum hætti og reynslusögur annara fyrirtækja af því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri. Aðildarfyrirtækjum Festu, stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar og 300 stærstu fyrirtækjum á Íslandi var boðin þátttaka í verkefninu.

### Viðtæk áhrif

Fyrirtækin 103 sem skrifuðu undir eru af ýmsum toga, stór og lítil fyrirtæki, framleiðslufyrirtæki, fyrirtæki í iðnaði og þjónustu, háskólar o.s.frv. og sum þeirra menga meira en önnur. Samanlagður starfsmannafjöldi fyrirtækjanna er

rúmlega 43 þúsund og því til viðbótar mætti telja rúmlega 30 þúsund nemendur í þeim skólum sem tengjast menntastofnunum sem taka þátt. Þjónusta þessara fyrirtækja og stofnana tengist öllum landsmönnum með einum eða öðrum hætti.

Auk þess að leiða verkefnið mun Reykjavíkurborg einnig taka þátt í aðgerðum sem draga úr losun. „Stefna Reykjavíkurborgar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 35% fyrir árið 2020. Stefnan var fyrst sett fram árið 2009 og er nú hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur. Einnig er unnið að stefnumörkun borgarinnar við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna



eigins reksturs borgarinnar," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. „Reykjavíkurborg mun sannarlega leggja sitt af mörkum í þessu samstarfi, en við munum einnig geta lært margt af samstarfinu við fyrirtækin“.

### Rekstur fyrirtækja í góðri sátt við samfélagið

Í byrjun desember næstkomandi verður 21. Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna haldin í París og þar verður Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna vegna loftslagsbreytinga (UNFCCC) samþykktur, en markmið hans er að sporna við hnattrænni hlýnun og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. „Þjóðir heims standa nú frammi

fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Sameinuðu þjóðirnar gegna forystu-hlutverki í að greina vandann, takast á við hann og aðlagast breyttum aðstæðum," segir meðal annars í yfirlýsingunni sem undirrituð var í dag í Höfða. „Borgir og bæir ásamt fyrirtækjum af öllum stærðum, verða sífellt mikilvægari þegar kemur að því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og standast þau markmið sem sett hafa verið um losun þeirra.“

Ketill Berg Magnússon framkvæmdastjóri Festu segir að mjög margir stjórnendur fyrirtækja tengi umhverfismál við rekstrarafkomu fyrirtækja

sinna til lengri tíma. „Þeir eru búnir að átta sig á að rekstur fyrirtækja þarf að vera í góðri sátt við samfélagið sem þau starfa í," segir Ketill og hann bendir einnig á að fyrirtæki um allan heim hafi í vaxandi mæli tekið skýra afstöðu í umhverfismálum og sé nærtækt að nefna áskorun fyrirtækja frá 130 löndum þar sem kallað er eftir metnaðarfullum markmiðum á fyrirhugaðri loftslagsráðstefnu. Mikilvægt er að borgir og fyrirtæki taki frumkvæði.

#### Umhverfi

# Náttúru- og umhverfisverðlaun

Frá afhendingu Náttúru og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs



Á hverju ári veitir Norðurlandaráð náttúru- og umhverfisverðlaun. Verðlaunin í ár hlaut færeyska orku-fyrirtækið SEV fyrir nýsköpun á sviði grænnar orku í Færeyjum, en fyrirtækið hefur hannað nýtt orkugeymslu- og orkustýringarkerfi sem er fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Ólóf Örvarsdóttir, sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, afhenti verðlaun Norðlandaráðs í Hörpu ásamt Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra, en alls voru 13 fyrirtæki tilnefnd til verðlaunanna í ár. Tvö íslensk fyrirtæki voru tilnefnd þ.e. Orkuveita Reykjavíkur og Carbon Recycling International, en bæði fyrirtækin hafa unnið að nýjum

## Verðlaun Norðlandaráðs afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu

aðferðum við að draga úr losun koltrívísyrings í andrúmsloftið.

### Landvernd og Vakandi

Reykjavíkurborg hlaut náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2014, en þá voru verðlaunin veitt sveitarfélagi eða borg sem hafði í starfsemi sinni lagt mikið af mörkum til umhverfisverndar eða lagt sig sérstaklega fram um að ná einhverju ákveðnu markmiði á sviði umhverfismála. Verðlaunin námu u.þ.b. 6,5 milljónum íslenskra króna og ákvað borgin að nota féð til að styrkja verkefni Landverndar og Vakandi til rannsóknar og vitundarvakningar á matarsóun.

Samhliða verðlaunaafhendingunni bauð Reykjavíkurborg þeim aðilum sem tilnefndir voru til náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2015 til opinna ráðstefnu þar sem farið var yfir verkefni og þátttakendur deildu reynslu sinni, en þema ráðstefnunnar og verðlauna Norðurlandaráðs í ár var losun gróðurhúsalofttegunda.

# Ný Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur

**Ný hjólreiðaáætlun fyrir Reykjavík var samþykkt á fundi borgarstjórnar í október. Í henni eru sett fram markmið sem miða að því að auðvelda sem flestum að nýta sér hjólreiðar sem alvöru samgönguvalkost. Markmið eru mælanleg til að hægt verði að fylgjast með árangri áætlunarinnar**

Áætlunin er sett fram á vefsíðunni: [hjolaborgin.is](http://hjolaborgin.is) sem hannaður af Brandenburg fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Þar eru auk markmiða gagnvirk kort og áhugaverðar staðreyndir um hjólreiðar í borginni.

Betri hjólaleiðir og lengri Hjólreiða-áætlunin felur í sér framkvæmdaáætlun fyrir næstu fimm árin í Reykjavík en samkvæmt henni er gert ráð fyrir 30 km af nýjum hjólastígum. Ráðist verður í gerð lengri hjólastíga auk þess sem unnið er að minniháttar tengingum sem munu bæta og tengja saman hjólaleiðir. Stefnt er að því að gera hjólaleið meðfram Miklubraut og Hringbraut allt frá Ánanaustum að Elliðaárdal. Þá verður lögð sérstök áhersla á að bæta þveranir hjólaleiða yfir gatnamót. Í því tilliti verður gerð greining á mögulegum valkostum þverana, þ.e. undirgöng, brú eða í plani, m.a. með tilliti til öryggistilfinningar notenda á stígum og jákvæðu viðhorfi fólks til hjólreiða.

## METNAÐARFULL MARKMIÐ

Meðal markmiða í nýrri hjólreiðaáætlun er að:

- Hlutdeild hjólandi í öllum ferðum í Reykjavík verði a.m.k. 6% árið 2017 og 6,5% árið 2020.
- Hlutdeild hjólandi og gangandi í öllum ferðum í Reykjavík verði a.m.k. 25% árið 2017 og 26% árið 2020. Þetta hlutfall er núna 5,5%.
- Hlutfall hjólaleiða af heildar stigakerfinu

sem eru aðgreindar frá bílum og gangandi verði 6% árið 2017 og 8% árið 2020. Er tæplega 4,5% í dag.

- Að árið 2020 verði hjólastæði við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir 20% af nemendum og starfsfólki.
- Hafin verði markviss vinna að því að helmingur hjólastæða við grunnskóla verði yfirbyggð. Í dag uppfylla fimm skólar þetta markmið, 17 skólar eru með hjólastæði fyrir rúmlega 10% nemenda og starfsfólk, en við 15 skóla eru færri hjólastæði.
- Gerð verði könnun á öryggistilfinningu og viðhorfi fólks til hjólreiða á árinu 2017 og stefnt að jákvæðri þróun á báðum þáttum í könnun árið 2020.

Mikil aukning í samgöngusamningum Algengt er orðið að fyrirtæki bjóði starfsmönnum sínum að gera samgöngusamninga þar sem starfsmenn skuldbinda sig til að nota vistvæna samgöngumáta á leið til og frá vinnu a.m.k. þrjá daga í viku og til ferða á vegum vinnuveitanda. Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem nú bjóða starfsmönnum slíka samninga eru orðin á annað hundrað.

Ávinningurinn af því þegar starfsmenn mæta á hjóli í stað bíls er töluverður. Hver starfsmaður sem mætir á hjóli í stað einkabíls sparar fyrirtækinu árlega að meðaltali um 40.000 krónur í færri veikindadaga og um 230.000 krónur á ári í bilastæðakostnað.





## FRAMKVÆMDIR OG AÐGERÐIR

Á vefsíðunni hjolaborgin.is má finna allar helstu upplýsingar um Hjólreiðaáætlunina.

Haldið verður áfram að skapa umhverfi sem hvetur til hjólreiða þannig að Reykjavík verði góð hjólaborg. Áframhaldandi uppbygging verður á hjólaleiðum og hjólastæðum ásamt því að farið verður í fjölbreyttar, mjúkar aðgerðir til að fjölga þeim sem hjóla.

Við nánari útfærslu framkvæmda og forgangsroðun þeirra verður lögð áhersla á samráð við íbúa og hagsmunaaðila eins og samtök hjólreiðamanna og fleiri. Í þessum kafla eru settar fram þær aðgerðir sem Reykjavíkurborg vill að komi til framkvæmda á tímabilinu 2015–2020. Framkvæmdaáætlun er endurskoðuð á 3 ára fresti.



1. Uppbygging hjólaleiða



2. Fjölgun hjólastæða



3. Auknar hjólreiðar barna og unglinga



4. Fjölgun þeirra sem hjóla til vinnu



5. Litaðar lykileiðir og merkingar við hnútpunkta



6. Hjólreiðar og atmenningssamgöngur

## Samgöngur

# Hjólastígur við Kringlumýrarbraut

## Í framkvæmdum ársins var bætt við hjólastíga- kerfið í Reykjavík

Hjólastígur hefur verið lagður meðfram núverandi göngustíg vestan Kringlumýrarbrautar milli Laugavegs og Miklubrautar. Hjólastígurinn var lagður í sumar, einnig var bætt við lýsingu og hægri beygju vasi gerður við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar. Hjólastígurinn bætir aðstöðu til hjólreiða verulega og er gerður í framhaldi af hjóla- og göngustíg meðfram Kringlumýrarbraut frá Sóltúni að Laugavegi sem lagður var árið 2014.





## JÓLADAGSKRÁ Í MIÐBORGinni



Göngugötur verða á aðventunni á hluta Laugavegar, Skólavörðustígs og í Kvosinni helgarnar 5. og 6.des, 12. og 13.des, 19. og 20.des og á Þorláksmessu frá kl. 15:00. Göngugöturnar verða fallega skreyttar og hjólahliðin verða í jólabúningi með fallegum jólaskreytingum.

Skautasvell á Ingólfstorgi. Nova í samstarfi við Reykjavíkurborg og Samsung opnaði skautasvell á Ingólfstorgi á 8 ára afmælisdegi Nova þann 1. desember kl. 20. Ingólfstorg hefur því umbreytt í Ingólfssvell. Jólaborp hefur risið kringum Ingólfssvellið þar sem hægt er að versla m.a. veitingar og útivistarfatnað. Jólaskreytingar og jólatónlist sjá svo um að skapa rétta jólaandann.

Opnunartími á svellinu verður sem hér segir:

Frá 2. til 11. desember frá kl. 12:00 til 20:00

Frá 12. til 22. desember frá kl. 12:00 til 22:00

Þann 23. desember frá kl. 12:00 til 23:00



Jólakrás. Krás fer í jólabúning og nokkrir vinsælustu veitingastaðir borgarinnar halda matarveislu í Fógetagarðinum helgina 19.-20. desember. Ópið verður frá kl. 13:00-19:00.



Jólamarkaður. Tjaldið sem hýsir Jólakrás breytist í liflegan jólamarkað 21., 22. og 23. desember. Fjölbreyttur hópur söluaðila selur handverk, listmuni og ýmislegt annað tilvalið í jólapakkann.

Umhverfis- og  
skipulagssvið  
Reykjavíkurborgar

[www.reykjavik.is/usk](http://www.reykjavik.is/usk)  
[www.borgarvefsja.  
reykjavik.is/skipulagssja/](http://www.borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/)

Borgartúni 12–14  
105 Reykjavík  
Sími: 411–1111  
[skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)

Ábyrgðarmaður:  
Ólöf Örvarsdóttir

Ritstjórar:  
Björn Ingi Edvardsson  
Elinborg Ragnarsdóttir  
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson  
Halldóra Hrólfsdóttir

Hönnun og umbrot:  
Vinnustofa Atla Hilmarssonar



Reykjavíkurborg

Prentun: Prentmet –  
Svansvottuð prentsmiðja

Forsiðumynd: Reykjavíkurborg/  
Gísli Guðmundsson